



Eftirmyndir af litskyggnum

Bessi Aðalsteinsson

Greinargerð BA-80/04

EFTIRMYNDIR AF LITSKYGGNUM

- I Eftirmyndir (dúpliköt) af litskyggnum (slides).
- II Litnegatív fyrir pappírsmýndir.
- III Sværthvít negatív fyrir pappírsmýndir.
- IV Stækka út úr skyggnum.
- V Setja saman 2 eða fleiri skyggnum í eina.
- VI Minnka stærri skyggnum niður í 35 mm stærð etc.

Rétt er að taka fram, að engin þjónusta verður veitt, heldur til þess ætlast að hver vinni fyrir sig. Til þessa er sú ástæða, að þá takmarkast eftirspurn væntanlega við raunverulega þörf en ekki tilbúna, eins og oft vill verða þegar hægt er að láta aðra vinna verkin (sbr. glærugerð á ljósmyndastofu).

Fastur samastaður tækisins er hjá ofanrituðum, og er mjög æskilegt að menn skilji eftir miða þegar þeir fara með tækið, hvar hægt sé að finna það þegar nauðsyn ber til. Strax að notkun lokinni skal því skilað.

Millihringir eru nú til fyrir Olympus OM, Konica og Praktica/Pentax 42 mm skrúfaðar linsur. Pantarir verða hringir fyrir Canon, Nikon, Minolta og Pentax K (aðrir hringir ef um er beðið).

I Eftirmyndir (dúpliköt) af litskyggnum

Nota skal Kodachrome 25 filmu (ISO 25/15), þar sem ekki er völ á annarri skarpari. Reyndar er til sérstök eftirtökufilma frá Kodak, "Ektachrome duplicating film 5071", en hún er gerð fyrir 3200°K ljós, en lýsing í Illumitran er með flassi, 5600°K. Þá filmu þarf að sérpanta, og fæst aðeins í 30 m rúllum.

1. Setjið viðeigandi millihring á myndavélina og setjið hana síðan á belginn (a á meðfylgjandi mynd) og festið með 2 skrúfum. Stingið flasssnúru í x tengi á myndavélinni og stillið hana á viðeigandi (hæsta leyfilegan) hraða fyrir flass.
2. Skrúfið 50 mm Leitz Focotas linsu (geymd á ljósmyndastofu) neðan á belginn. Linsan skal höfð á stærsta ljósopi (4,5) meðan verið er að stilla tækið.
3. Kveikið (b), og stillið "flash intensity" (c) á normal.

1980-11-04

Athugið að snúra (d) sé tengd og að rofi (e) "Normal-High" aftan á tæki sé á normal. Rofi (f) "Min-Max" og hjól aftan á tækinu stjórna gagnaðgerðum vegna aukinnar hörku (konstrast) sem jafnan fylgir eftirtökum. Ljós framan á tækinu sýna stöðu þessara rofa og hjóls. Heppileg stilling fyrir "normal" myndir hefur reynst vera Max E, en fyrir mýkri eða harðari myndir verða menn að prófa sig áfram sjálfir.

Harðastar myndir fást með Min A stillingu, en mýkstar með Max G.

4. Stillið á "Focus" á rofa (g).
5. Setjið mynd í rammann (h).
6. Stillið á 1:1 á kvarða (i) með neðri takka á belg (hægra megin). Stillið skerpu með því að færa myndavélina með efri takka á belg (vinstra megin). Litlu takkarnir andspænis hinum stóru eru til þess að læsa stillingunum.
7. Stillið á ljósop 11 (j).
8. Stillið myndina af þannig að hvergi sjáist í rammann.
9. Færið ljósmæli (k) yfir myndina og snúið stóra snerlinum (l) framan á tækinu þar til nálin er núllstillt (m).
Ef myndin er svo dökk, að núllstilling næst ekki, skal stilla nál á -1 og rofa (c) á High. Jafnframt skal stilla samsvarandi rofa (e) aftan á tækinu á High, og muna eftir að breyta báðum aftur.
Dugi þetta ekki, má lýsa myndina að vild með því að hafa myndavélina opna á "B" og lýsa með því að ýta á "open flash" rofa (n). Bíða þarf eftir ljósi vinstra megin við rofa (g) fyrir hvert skot.
10. Takið ljósmæli (k) frá.
11. Skiptið rofa (g) á lýsingu (expose).
12. Smellið af myndavélinni.

Liði 8-12 þarf að endurtaka við hverja mynd. Mikilvægt er að hreinsa allt ryk af myndunum. Í filterskúffu (o) undir myndrammanum hefur gefist vel að hafa "Y20" filter til að eyða blárri slikju sem annars kemur á eftirmyndirnar.

Óvenjulegan litblæ á myndum má leiðrétta (a.m.k. að hluta) með viðeigandi filterum, slíkt verður tilraunastarfsemi hverju sinni.

1980-11-04

II Litnegatív eftir litskyggnum

Notaðar hafa verið Kodacolor II filmur (ISO 100/21) með ágætum árangri. Hér þjóna gulfilterar í filterskúffu (o) engum tilgangi, því áhrif þeirra er hverfandi miðað við aðra breytilega þætti þegar filmurnar eru stækkaðar á pappír. Æskilegt er að taka eina mynd af staðalmyndinni hverju sinni, til að standa betur að vígi gagnvart Pedersen ef léleg vinna reynist vera á pappírsmýndunum.

Í filterskúffuna (o) þarf að setja 2x ND filter til þess að leiðrétta fyrir ljósnæmi filmunnar (miðað við Kodachrome 25).

Konstrast leiðrétting stillt á Min D (aftan á tækinu).
Að öðru leyti gildir sama og í lið I.

III Svart/hvít negatíf fyrir pappírsmýndir

Nota skal filmu af hægustu gerð (ISO 32/16 ca.), t.d. Ilford Pan-F eða Kodak Panatomic-X.

Hér skal engan filter nota, og kontrast leiðrétting stillt á Max D.
Að öðru leyti gildir sama og í lið I.

IV Stækkun út úr skyggnum

Hér gilda sömu reglur og í lið I að viðbættum þessum atriðum:

5. Hvolfið rammanum (h) til þess að unnt sé að færa myndina óhindrað til. Ef ljós kemur meðfram myndinni, skal það byrgt.
6. Stillið á nauðsynlega stækkun. Ef hún er meiri en 1,2:1 þarf að bæta við millihring(jum). Sá galli er á, að ef farið er niður fyrir rauð strik á kvarða (i) verður að taka úr gler (p) og er þá kontrast leiðréttingin úr sögunni.
9. Við stækkun eða minnkun er nálin ekki núllstillt heldur er dregin frá eða bætt við leiðréttingu sem lesin er af kvarða (i). Dæmi: Stækkun er 1,2:1; þá er nálin stillt á +1/4 hægra megin á mæli.